



Myndir Þorbjargar eru stórkostlegar.

Unnið að uppsetningu sýningarinnar.

„Innlegg í sögu...ekki of ljósa“

Þorbjörg Höskuldsdóttir opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum n.k. laugardag

Á laugardaginn opna tveir listamenn málverkasýningar á Kjarvalsstöðum. Þetta eru þau Haukur Dór og Þorbjörg Höskuldsdóttir. Einn morgun núna í vikunni skaut okkur Þjóðviljamönnum þar upp og gripum Þorbjörgu þar sem hún var að bera myndirnar



„Þetta eru nú ekki beint uppbyggileg málverk hjá mér“



„Ætli það sé ekki frekar egg og bacon?“



„Ég vil ekki leggja spilin alveg á borð“



„Ég er ekki síður undir áhrifum frá gömlum málurum“

**Myndir: GEL
Texti: GFr**

sinar inn í húsið og tókum hana tali. Haukur Dór var hvergi sjáanlegur. Þegar Þorbjörg opnaði sína fyrstu sýningu í Galleri SÚM fyrir 5 árum sló hún í gegn ef svo mætti segja og hefur síðan verið talin í hópi bestu myndlistarmanna af yngri kynslóðinni. Það er því forvitnilegt að líta á nýja sýningu.

Fyrst spyrjum við af hverju Þorbjörg hafi gerst myndlistarkona og um námsferil hennar. — Ég hef ekki getað neitt annað en að mála, segir hún, ég reyndi að láta það vera, en það tókst ekki. Svo fór ég í Myndlistarskólann við Freyjugötu 1962 og aðalkennarar mínir þar voru Ragnar Kjartansson og Hringur Jóhannesson, og enn fremur kenndu mér Jóhannes Jóhannesson og Hafsteinn Austmann. Ég hef lagt aðaláherslu á teikningu. Frá 1967 til 1971 var ég við nám á Konunglegu listaakademíunni í Kaupmannahöfn.

— Hvernig líkaði þér dvölin í Höfn?

— Hún hafði mikil áhrif á framhaldið hjá mér og útkomun eins og hún er í dag og það var fyrst og fremst því að þakka að ég hafði ástæður til að vinna þarna alla daga og hafði góða kennara. Þarna var hægt að teikna módel stanslaust, bæði fyrir og eftir hádegi. Svo átti maður kost á aukatímum td. í grafík. Í Kaupmannahöfn eru líka ágæt söfn og góðar farandsýningar. Það er ekki lítill skóli að vera á svona stað.

— Akademían hefur þá ekki verið þunglamaleg og gamaldags?

— Nei, það var komið mikið líf í hana þegar ég kem utan, en hún hafði lengi verið í föstum skorðum áður.

— Telur þú teikningu vera aðalatriði í sambandi við málverkið?

— Hún er undirstaða en ekki aðalatriði. Sumir geta lagt út í þetta án þess að leggja mikla áherslu á teikningu.

— Hefur þú eingöngu málað síðan þú komst heim 1971?

— Já, og kennt smávegis með. Svo hef ég unnið í leikhúsum. Það hefur verið gott fyrir mig. Þegar maður er búinn að vera svona einn að þæla í sjálfum sér er gott að vinna að leiksýningu sem byggist á samvinnu fólks. Einnig hef ég gert eina og eina bókaskreytingu.

— Hvað ert þú að tjá í málverkinu?

— Ætli það sé ekki mitt viðhorf til lífsins og hvernig ég nota lífina á léreftið.

— Það sjást iðulega í myndum hjá þér forn rómversk bogagöng og fleira í þeim dúr?

— Já þetta er svona afgangur af húsum. Ég nota þetta sem falleg form. Það kemur af sjálfu sér af því að ég nota mikið perspektíf. Þetta eru nú ekki beint uppbyggileg málverk hjá mér.

— Svo er eins og allt sé að hrynja í sumum myndunum og þrúbuð fólk á ferli?

— Hálfþokukennt fólk, já. Segja má að myndirnar séu innlegg í sögu sem ég reyni að gera ekki of ljósa. Ég vil ekki leggja spilin alveg á borð til að málverkin komi á móti fólki. Það tekst misjafnlega.

— Ert þú undir áhrifum frá Francis Bacon?

— Sumir hafa nefnt það, en ég get ekki flækt mér í samband við Bacon. Ætli það sé ekki frekar egg og bacon?

— Þú vilt ekki nefna neina sérstaka meistara sem hafa haft áhrif á þig.

— Það eru svo mörg tímabil og mörg nöfn að það er erfitt að segja en ég er ekki síður undir áhrifum frá gömlum evrópskum málurum en málurum frá þessari öld.

—GFr.



Stjörnusalur
(Grillið) opinn alla daga.

Súlnasalur
Hljómsveit
Ragnars Bjarnasonar
leikur fyrir dansi
til kl. 1 á 2. í Páskum.

Símar:
2 50 33 Grillið
2 02 21 Súlnasalur

HÓTEL SAGA

Átræð á páskadag

Átræð verður á páskadag, 10 apríl, Sigríður Jónsdóttir frá Villingaholti, Álandsgade 24, Kaupmannahöfn. Sigríður dvelst nú á Íslandi hjá dóttur sinni og tengdasyni, en verður utan Reykjavíkur á afmælisdaginn.

Sigríður Jónsdóttir

